

Mál nr. 328/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar

Skemmdir á bifreið sem ekið var um Hvalnesskriður þann 10.05. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.09. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.10. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur að skemmdir hafi orðið á bifreið sinni af völdum grjótskriðu þegar henni var ekið um Hvalnesskriður sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur útilokað að skemmdir á bifreiðinni séu af völdum grjóthruns. Skemmdirnar séu eftir mjög finan jarðveg. Þar af leiðandi telur félagið að hér hafi ekki verið um grjóthrun að ræða heldur “aðeins fok á lausu jarðefni”. Þar af leiðandi falli tjónið á bifreiðinni ekki undir ákvæði skilmála sem M heldur fram varðandi grjóthrun.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Virðist sem tjónið á bifreiðinni verði rakið til þess að jarðefni hafi fokið á bifreiðina. Samkvæmt skilmálum er tjón vegna foks á sandi, möl, ösku, vikri eða öðrum lausum jarðefnum undanskilið ábyrgð félagsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 20. október 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hdl.

Jón Magnússon hrl.